



Reglur Hvalfjarðarsveitar um laun sveitarstjórnarfulltrúa og nefndarmanna

Laun sveitarstjórnarfulltrúa

Laun sveitarstjórnar, oddvita sveitarstjórnar, formanna og fulltrúa í nefndum á vegum Hvalfjarðarsveitar skal vera hlutfall af þingfararkaupi alþingismanna. Frá júlí 2021 er viðmið um laun sveitarstjórnarfulltrúa og nefndarmanna sem hlutfall af þingfararkaupi sem er kr. 1.285.411.

Grunnlaun:

Oddviti sveitarstjórnar	50%	(kr. 642.706.-)
Aðrir sveitarstjórnarfulltrúar	10%	(kr. 128.541.-)
Fyrsti varafulltrúi í sveitarstjórn	2%	(kr. 25.708.-)

Fundir:

Oddviti sveitarstjórnar	3%	(kr. 38.562.-)
Aðrir sveitarstjórnarfulltrúar	3%	(kr. 38.562.-)
Varamenn í sveitarstjórn	3%	(kr. 38.562.-)

Sæki sveitarstjórnarfulltrúi fundi eða ráðstefnur utan Hvalfjarðarsveitar skv. ákvörðun sveitarstjórnar skal greiða 2% (kr. 25.708.-) af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern dag auk ferðakostnaðar.

Greiða skal vegna aksturs á fundi á vegum Hvalfjarðarsveitar utan sveitarfélagsins kílómetragjald skv. ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins og skv. útfylltri akstursdagbók. Oddviti sveitarstjórnar fær fastan bifreiðastyrk á mánuði að fjárhæð kr. 10.000.-

Laun sveitarstjórnarfulltrúa skulu greidd mánaðarlega.

Oddviti og sveitarstjórnarfulltrúar eru slysatryggðir skv. almennri slysatryggingu.

Laun fyrir setu í nefndum

Laun nefnda skulu vera í hlutfalli af fyrrgreindri viðmiðunarfjárhæð, kr. 1.285.411.-

Formenn nefnda fá greitt 7% (kr. 89.978.-) af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern fund.

Almennir fulltrúar í nefndum fá greitt 3% (kr. 38.562.-) af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern fund.

Laun til kjörstjórnar skulu ákveðin sérstaklega hverju sinni af sveitarstjórn.

Skólastjórar leik- og grunnskóla, kennarar og aðrir fulltrúar, sem lögum samkvæmt er skylt að sitja fundi fræðslunefndar, fá greitt 1% (kr. 12.854.-) af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern fund sem þeir sitja.

Nefndarlaun skal greiða tvisvar sinnum á ári 1. júní og 1. desember og miðast við framlagðar fundargerðir.

Önnur réttindi

Greitt er 8% mótframlag vinnuveitenda í lífeyrissjóð. Ekki er greitt mótframlag vegna greiðslu í séreignasjóð.

Framangreind viðmiðunarfjárhæð (kr. 1.285.411.-) er þingfararkaup alþingismanna í júlí 2021 og tekur hún breytingum skv. ákvörðun Alþingis um þingfararkaup nema annað sé ákveðið af sveitarstjórn.

Aðalfulltrúar í sveitarstjórn geta, gegn framvísun kaupnótu/reiknings, fengið styrk til tölvukaupa að fjárhæð kr. 100.000.- á kjörtímabili.

Gildistaka

Reglur þessar skulu taka gildi þann 1. júní 2022.

Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 26. apríl 2022